

Föstudagurinn, 19. september 2003

205. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 25/2003

**Kvörtun bílasölnunnar Bíll.is ehf. yfir notkun
Bílasölu Íslands ehf. á léninu billinn.is**

I.

Málavextir

Með bréfi Bjarna Benediktssonar hdl., dags. 12. júlí 2001, er f.h. Bíll.is ehf. kvartað yfir notkun Bílasölu Íslands ehf. á léninu billinn.is og með vísan til 20. og 25. gr. samkeppnislaga er þess krafist að Bílasölu Íslands verði alfarið bannað að nota lénið. Til vara er þess krafist að fyrirtækinu verði bannað að nota lénið eitt sér sem vörumerki og auðkenni fyrir starfsemi sína. Þá skuli firmaheiti bílasölnunnar vera meira áberandi en lénanafnið í auglýsingum. Er vísað til heimildar í 2. mgr. 30. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 í þessu sambandi.

Í erindinu segir að Bíll.is hafi í september 1998 skráð firmaheiti sitt Bíll.is hjá Hlutafélagaskrá fyrir rekstur bílasölu, fasteigna, lánastarfsemi og annars skylds rekstrar. Hinn 11. mars 1998 hafi verið lögð inn umsókn hjá Einkaleyfastofunni um skráningu vörumerkisins Bílasalan bíll.is. Hafi það fengist skráð hinn 6. júlí 1998. Hinn 12. mars sama ár hafi fyrirtækið fengið lénið bill.is skráð hjá INTÍS. Af því leiði að á árinu 1998 hafi bílasalan átt skráð heitið Bíll.is sem firma, vörumerki og lén.

Hinn 16. ágúst 1999 hafi Bílasala Íslands fengið úthlutað léninu billinn.is. Ekki sé vitað á hvaða forsendum sú skráning fékkst en engar upplýsingar séu fyrir hendi sem bendi til þess að vörumerkið billinn.is hafi nokkru sinni verið skráð. Sé lénanafnið billinn.is mjög líkt lénafninu bill.is sem sé eign kvartanda og hafi það valdið verulegum ruglingi hjá viðskiptavinum kvartanda ásamt því að hafa valdið töfum og truflunum. Kvartandi hafi lagt mikla vinnu og fjármuni í að byggja upp auðkenni sitt Bíll.is og hafi merkið fest sig í sessi. Þá segir í bréfinu:

„Er það algjörlega óásættanlegt fyrir hann að önnur bílasala geti nýtt sér þessa uppbyggingu og markaðssetningu hans til að laða til sín viðskiptavinum sem í misgáningi rugla saman bílasölunum og heimasíðum þeirra vegna þess hve lík lén þeirra eru og vegna þess hve líkt lén gagnaðilans er firmaheiti, vörumerki og lén umbjóðanda míns.“

Í bréfinu segir jafnframt að ISNIC, sem hét áður INTÍS, hafi séð um skráningu léna hér á landi og hafi ýmsar reglur gilt um úthlutun og skráningu þeirra í gegnum tíðina. Í dag gildi reglur frá desember árið 2000 og hafi þar af leiðandi ekki verið í gildi þegar framangreind lén voru skráð. Ákvæði reglnanna um úrskurðarnefnd léna eigi því ekki við í þessu tilviki þar sem nefndin hafi einungis lögsögu til að úrskurða um lén sem skráð séu eða endurnýjuð eftir gildistöku reglnanna.

Þegar lénið bill.is hafi verið skráð hafi m.a. gilt þær reglur að félag gat aðeins sótt um heiti sem lén ef það ætti firmaskráningu með viðkomandi heiti, umsókn um vörumerkjaskráningu heitisins hjá Einkaleyfastofu eða hafi á annan hátt getað sýnt fram á rétt sinn til heitisins. Hafi þessar reglur verið settar í kjölfar mikilla árekstra sem orðið höfðu milli eigenda vörumerkja annars vegar og rétthafa hins vegar.

Þó svo að mörgu leyti gildi ólíkar reglur og sjónarmið við skráningu vörumerkja og við skráningu léna sé fráleitt að ekki þurfi að hafa í huga vörumerkjarétt við skráningu léna. Lén sé sýnilegt tákni sem notað sé til að greina vörur og þjónustu eins aðila frá vörum og þjónustu annars aðila og falli því undir skilgreiningu á því hvað geti talist vörumerki. Lén séu notuð í auglýsingaskyni eins og vörumerki. Þessu til stuðnings er vísað til ákvarðana samkeppnisráðs nr. 33/2000, *Kvörtun Jónasar R. Sigfússonar yfir notkun Iceland Export Directory á orðinu export við rekstur tölvuvefs á Internetinu*, og nr. 37/2000, *Erindi Hönnunar hf. vegna notkunar Stefáns Helga Kristinssonar á léninu honnun.com og ritunar firmans Sigild hönnun*. Þá er vísað til Héraðsdóms Reykjavíkur frá 29. apríl 1998, í málinu E-3339/1997, *Tryggingamiðstöðin hf. gegn Tölvumiðlun ehf.* Af dómnum megi ráða að reglum vörumerkjaréttar verði beitt við könnun á rétti aðila til skráningar heita sem lénnafna. Þá er vísað til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur frá 30. júní 2000, í máli nr. E-2355/2000, *Rekstrarfélag Kringlunnar gegn Gagnvirkri miðlun hf.*, þar sem notkun stefnda á lénnafni hafi verið talið brjóta í bága við vörumerkjarétt stefnanda sbr. 1. mgr. 4. gr. vörumerkjalaga. Hafi heimild sýslumanns til að leggja fyrir stefnda að afskrá lén sín hjá Interneti á Íslandi hf. í lögbannsmáli verið staðfest enda skráning lénanna liður í notkun vörumerkis stefnanda í atvinnustarfsemi, sbr. 5. gr. vörumerkjalaga.

Þá er í erindinu vísað til þess að WIPO sé stofnun sem starfrækt sé á vegum Sameinuðu þjóðanna. Hlutverk hennar sé að stuðla að vernd einkaleyfa og vörumerkja á alþjóðavísu. Hafi stofnunin sett á laggir nefnd til að skera úr ágreiningsmálum sem upp komi vegna úthlutunar á lénnöfnum. Nefnd þessi telji skráningu lénnafns óheimila ef lénnafn er það sama eða líkt firmanafni eða vörumerki sem kvartandi hefur lögleg umráð yfir og hætta sé á að villst verði á þeim.

Skv. framansögðu telur kvartandi að reglur vörumerkjaréttar eigi við að miklu leyti um rétt aðila til lénskráningar á heitum og auðkennum enda hagsmunir þeir sem í húfi eru vegna skráningar heita sem firmaheita, vörumerkja og léna verulega samtvinnuðir.

Þá segir að Bíll.is ehf. sé skráð firmaheiti og njóti það verndar samkvæmt meginreglu 10. gr. laga nr. 42/1903 um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð og 3. mgr. 1. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Síðan segir í erindinu:

„Hvað vörumerkið Bílasalan Bill.is varðar, gæti vörumerkið „bill“ eða „bill.is“ talist ósérkennandi samkvæmt vörumerkjarétti og of lýsandi til að geta notið verndar sem vörumerki fyrir bílasölu samkvæmt ákvæði 13. gr. vörumerkjalaga nr. 45/1997. Hins vegar geta slík ósérkennandi og lýsandi merki hlotið nægilegt sérkenni fyrir notkun og markaðsfestu og geta þannig talist hæf til að njóta vörumerkjaverndar, sbr. 2. mgr. 2. gr. vörumerkjalaga og 2. mgr. 13. gr. sömu laga. Umbjóðandi minn hefur notað firmaheiti sitt og merki þetta nú í rúmlega þrjú ár og hefur auðkennið „bill.is“ hlotið nægilegt sérkenni til að teljast njóta vörumerkjaverndar. Er almenningur farinn að tengja þetta auðkenni við bílasölu umbjóðanda míns og sést það einna best á því að þegar annar aðili er farinn að nota lénnafnið „billinn.is“, hefur almenningur talið að átt sé við bílasölu umbjóðanda míns. Hefur þetta valdið margvíslegum misskilningi og ruglingi í starfsemi bílasölnunnar.“

Þá segir að notkun Bílasölu Íslands á léninu billinn.is brjóti í bága við 20. og 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Bíll.is eigi fullan rétt til auðkennisins bill.is þar sem hann á skráð firmaheiti, vörumerki og lén með þessu auðkenni og teljist auðkennið billinn.is vera svo líkt auðkenninu bill.is að villast megi á þeim. Þá er aftur vísað til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur frá 30. júní 2000 í málinu nr. E-2355/2000, *Rekstrarfélag Kringlunnar gegn Gagnvirkri miðlun hf.*, en þar var talið að stefndi hefði með notkun sinni á merkjum sínum brotið gegn 1. mgr. 4. gr. vörumerkjalaga auk 20. og 25. gr. samkeppnislaga.

Bent er á að Bílasala Íslands noti lén sitt jafnframt sem vörumerki og firmaheiti og auglýsi bílasölu sína undir heitinu billinn.is. Það megi sjá á skilti á húsnæði bílasölnunnar og í símaskrá á Internetinu. Þá segir að það hafi verið ætlun fyrirsvartsmanna Bílasölu Íslands að nýta sér þá markaðssetningu og markaðsfestu sem bílasalan Bíll.is hafi lagt í og skapað sér.

II. Málsmeðferð

1.

Erindi bílasöluunnar Bíll.is var sent Bílasölu Íslands til umsagnar með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 17. júlí 2001. Svarbréf Jóns Egilssonar hdl., f.h. fyrirtækisins er dagsett 7. ágúst 2001. Þar eru gerðar þær kröfur að málinu verði vísað frá Samkeppnisstofnun. Er það gert með vísan til 1. gr. samkeppnislaga um að auka aðgang nýrra keppinauta að markaðnum og að vefsíðugerð falli utan verksviðs laganna. Þá segir að fáí málið efnislega meðferð geri Bílasala Íslands þær kröfur að fyrirtækið verði sýknað af öllum kröfum kvartanda og fáí því haldið áfram notkun á vefsíðu sinni.

Í bréfinu er dregin í efa aðild kvartanda að málinu. Þar segir að það sé ekki kvartandi sem hafi fengið úthlutað léninu bill.is heldur sé það hlutafélagið Allt gott ehf. Engin tengsl séu að sjá við bílasölu Bíll.is. Þá segir að bílasalan hafi skipt um eigendur og ekki hafi verið sami rekstraraðili að henni undanfarin ár. Þá er því mótmælt að kvartandi hafi einkaleyfi á nafninu Bíll.is. Svo sé ekki þar sem nafnið hafi fengist skráð sem einkaleyfi með sérstakri mynd og innvafið í merkið Bílasalan bill.is. Þá segir í bréfinu:

„Einkaleyfastofan hefur upplýst að vörumerkjaréttur nær ekki til hluta merkis, svo sem bíll.is sbr. nánar 2 gr. og 15. gr. vörumerkjalaga. Kvartandi á því engan lögvarinn rétt til firmaheitisins bill.is eða bill.is eða vörumerkja því tengt og getur því ekki verið um brot á auðkennarétti eða viðskiptavild kæranda að ræða reistur á þessum ranga grunni. Allar forsendur fyrir kærur eru því rangar. Tilvísun til 25. gr. samkeppnislaga á því ekki við í þessu máli.“

Þá segir að Bílasala Íslands hafi sótt um vefsetur fyrir bílasölurekstur og staðist allar kröfur fyrir skráningu léns. Bíll.is eða bill.is njóti ekki verndar vörumerkja eða til firmaheitis og geti því engar kröfur gert á þeim grundvelli að sá réttur sé til staðar. Reglur vörumerkja standi því ekki í vegi fyrir notkun léns Bílasölu Íslands. Bílasalan Bíll.is hafi rétt á sérstakri mynd með stöfum en ekki til einstakra orða. Viðtæk alkunn íslensk orð, safnheiti, séu ekki hæf til að njóta vörumerkja, höfundaréttar eða firmaheitis. Sem dæmi er nefnt bílar, verslun, þjónusta, bændur, flugvélar, bílasala og fleira. Svo sé um orðin bíll.is eða bill.is. Kvartandi gangi út frá að hann hafi þennan rétt sem sé rangt og fari þá botninn úr öllum málátibúnaði hans. Þá hafi þær upplýsingar fengist hjá ISNIC að hægt sé að fá ýmis önnur lén lík léni kvartanda svo sem bilarnir.is, toppbill.is og fleiri. Ekkert sé því við lén Bílasölu Íslands að athuga af hálfu ISNIC. Þá þurfi mjög nákvæman innslátt við tölvuheimilisföng. Þessi nákvæmni valdi því að aðili slái ekki óvart inn billinn.is í stað bill.is.

Loks segir í bréfinu:

„Samkeppnisstofnun hefur ekki vald til að úrskurða um lén sem úthlutað er í samræmi við gildandi reglur úthlutunaraðila – getur ekki gefið bindandi ályktun fyrir ISNIC... vegna þessarar úthlutunar nema þá úrskurða um reglur ISNIC um skráningu léna og stjórnun á léninu standist ekki lög – verði að breyta eða ógilda. Þar sem engar reglur ISNIC hafa verið brotnar varðandi úthlutun léns og útilokað að ruglast á auðkennum bílasalanna sem eru í eðlilegri samkeppni, þ.e. Bílasala Íslands ehf. og bílasalan bill.is ehf. með meðfylgjandi mynd sem er hluti tákns bílasölunnar eru engin rök fyrir afskiptum viðtakanda í þessu máli og ber því að fallast á kröfur Bílasölu Íslands ehf. í málinu enda er það ekkert líkt firmaheiti eða vörumerki kvartanda eins og að ofan er lýst.“

2.

Bréf Bílasölu Íslands var sent til umsagnar bílasölunnar Bíll.is hinn 13. ágúst 2001. Svar bílasölunnar er dags. 23. ágúst 2001. Þar segir að kvörtun fyrirtækisins byggji á því að um brot á samkeppnislögum sé að ræða og því til stuðnings er vísað til 1. og 4. gr. reglna um málsmeðferð samkeppnisyfirvalda nr. 672/1994 og ákvarðana samkeppnisráðs nr. 33/2000 og 37/2000.

Þá segir að félagið Allt gott hafi verið stofnað árið 1991 og sé félagið rekstraraðili bílasölunnar Bíll.is í dag. Félagið Bíll.is ehf. hafi rekið bílasöluna Bíll.is tímabundið í stað félagsins Allt gott. Máli þessu hafi verið skotið til Samkeppnisstofnunar af félaginu Bíll.is ehf. fyrir hönd bílasölunnar Bíll.is enda séu réttindi þau er varða firmaheitið, vörumerkið og lénið tengt henni og fullt samkomulag á milli félaganna um réttindi og notkun þeirra.

Tekið er undir að samkvæmt 1. mgr. 15. gr. vörumerkjalaga taki vörumerkjaréttur ekki til þeirra hluta merkis sem ekki sé heimilt að skrá eina sér. Þegar vörumerkið Bílasalan bill.is var skráð hjá Einkaleyfastofunni hafði heitið bill.is ekki öðlast markaðsfestu. Núna þremur og hálfu ári seinna hafi merkið öðlast nægjanlega markaðsfestu til að líta megi svo á að það hafi öðlast nægilegt sérkenni sbr. 2. mgr. 13. gr. vörumerkjalaga. Vegna notkunar og markaðsfestu merkisins eigi takmörkunin skv. 1. mgr. 15. gr. vörumerkjalaga ekki lengur við.

Þá segir í bréfinu um reglur ISNIC og almennt um lén:

„Eins og fram kom í kvörtun umbjóðanda míns frá 12. júlí 2001 þá hefur ISNIC sett sér reglur sem þeir fara eftir við úthlutun léna. Reglur þessar um úthlutun lénanna taka ekki á árekstrum við þá sem hugsanlega eiga betri rétt til lénheitanna samkvæmt t.d. rétti sínum til firmaheitis eða vörumerkis. Leysa verður úr þeim árekstrum á öðrum vettvangi, eins og fyrir úrskurðarnefnd léna, samkeppnisyfirvöldum eða

dómstólum. Eru dæmi Bílasölu Íslands ehf. um lénsheiti sem hugsanlega væri hægt að fá skráð núna hjá ISNIC þannig alveg óviðkomandi þessu máli. Vakin er athygli á grein 8.5 í núgildandi reglum ISNIC en með henni er staðfest að annar aðili geti á grundvelli betri réttar (t.d. vörumerkjaréttar eða réttar til firmaheitis) átt betri rétt til lénsins en skráður eigandi þess og því geti réttur eigandans yfir hinu skráða léni fallið niður.

Því hefur ekki verið haldið fram af umbjóðanda mínum að almenningur geti ruglast á merkjunum með innsláttarvillum, heldur ruglast fólk á merkjunum sjálfum og telur m.a. að það sem auglýst er undir merkinu „billinn.is“ komi frá umbjóðanda mínum. Einnig hafa komið upp vandamál vegna ruglings þarna á milli við veðflutninga, lántöku, tryggingamála o.fl. ...

Gildandi reglur ISNIC voru ekki í gildi þegar lénum þeim sem hér um ræðir var úthlutað, og sama gildir um úrskurðarnefnd þá sem ISNIC hefur sett á laggirnar, hún hefur ekki vald til að úrskurða í þessu máli þar sem lénin voru skráð í gildistíð eldri reglna. Samkeppnisráð hefur ekki vald til að krefjast þess af ISNIC að það afmái lénskráningu, enda er ISNIC ekki aðili að þessu máli hér og er ekki gerð krafa um að ISNIC verði gert að afmá skráningu lénsins. Krafa á hendur Bílasölu Íslands ehf. um að láta afmá lén sitt hjá ISNIC er heldur ekki til umfjöllunar á þessum vettvangi, aðeins er óskað eftir því að samkeppnisyfirlönd skeri úr ágreiningi er varðar heimild Bílasölu Íslands ehf. til að nota lénið „billinn.is“.

Loks er vísað til þess að bréf hafi ruglast á milli fyrirtækjanna vegna nafnaruglings og bent á að á rúmlega fjögurra mánaða tímabili á árinu 2001 hafi verið skráð 34 símtöl þar sem nöfnunum hafði verið ruglað saman.

3.

Bréf bílasöluunnar Bill.is var sent Bílasölu Íslands til umsagnar 24. ágúst 2001. Athugasemdir fyrirtækisins eru dagsettar 30. ágúst sl. Þar segir m.a.:

„Aðild kvartanda að vefsíðu hefur ekki verið skýrð nema síður sé. Allt gott ehf. er félag sem rak bílasöluna Skeifuna til húsa í Skeifunni frá stofnun til að ég held 1998 og er enn að – forsvarsmenn þess eru aðrir og óskyldir þeim sem eru í forsvari fyrir Bill.is ehf. ... Kvartandi er með skýringar á tengslum þessara 2ja hlutafélaga sem standast ekki og leggur jafnframt sem fyrr engin gögn fyrir þessari furðulegu frásögn um að þessi 2 hlutafélög séu nátengd þrátt fyrir að engir sömu aðilar eru í forsvari fyrir þeim báðum eða nein sýnileg tengsl milli félaganna. Með slíkum málalíbúnaði er ekki hægt annað en að vísa málinu frá þar sem kvartandi hefur sýnt fram á að hafi (sic) lögvarða hagsmuni í málinu og hefur ekki þrátt fyrir áskoranir bætt þar um og skýrt hvernig aðildin er. Ekki lagt fram yfirlýsingar frá Allt gott ehf. né

samstarfssamning eða sölusamninga eða yfir höfuð einhver gögn um samstarf bílasölnnar Skeifunnar og Bill.is.

Eins og málið liggur fyrir verður ekki séð að kvartandi hafi lögvarða hagsmuni af því að Samkeppnisstofnun taki erindi hans til efnismeðferðar og ber því að vísa málinu nú þegar frá.“

Þá segir að kvartandi eigi ekki vörumerkjarétt eða rétt til firmaheitis sem um er deilt og kvartandi hafi ekki sýnt fram á annað þrátt fyrir bréf hans. Þá hafi kvartandi ekki viljað upplýsa hve margir hafi rekið bílasölu að Malarhöfða 2, en þar er Bill.is til húsa, og ekki viljað sýna fram á hversu langan tíma hafi tekið að byggja upp vörumerkið og vinna því markaðsfestu og hversu miklum fjármunum hafi verið varið til þess. Af þessu leiði að ósannað sé að kvartandi hafi af málinu fjárhagslega hagsmuni. Beri því að vísa málinu frá eða sýkna ef málið fær efnisúrlausn. Eins liggi ekki fyrir gögn um staðhæfingar kvartanda um að ákveðið nafn hafi náð markaðsfestu og því hafi hann ekki lögvarða hagsmuni er réttlæti afskipti Samkeppnisstofnunar að málinu.

Loks er bent á að reglur varðandi úthlutun léna hafi verið strangari þegar Bílasala Íslands fékk sínu léni úthlutað en núgildandi reglur. Þá segir að kvartandi hafi ekki sýnt fram á að bílasalan hafi brotið einhver ákvæði samkeppnislaga.

4.

Með bréfi, dags. 19. september 2001, tilkynnti Samkeppnisstofnun málsaðilum að gagnaöflun í máli þessu væri lokið. Jafnframt var tilkynnt að fylgiskjal með bréfi bílasölnnar Bill.is, frá 23. ágúst 2001, hefði vantað.

Með bréfi, dags. 2. október 2001, gerir Bill.is athugasemd í tilefni fylgiskjalsins sem vantaði. Þar segir að talið sé að skjalið hafi fylgt bréfinu en þar sem það virðist glatað vilji Bill.is upplýsa að um sé að ræða auglýsingablað frá Herrafataverslun Birgis. Hafi blaðið verið brotið saman og lokað með límmiða með áletrun um viðtakanda. Á límmiðanum hafi staðið: Bíllinn.is, Malarhöfða 2, 110 Reykjavík, en það sé Bill.is ehf. sem er til húsa að Malarhöfða. Tilgangurinn með skjalinu hafi verið *að sýna fram á að ruglingur væri með merkjunum bíllinn.is og bill.is*. Leiddi þetta af sér að þarna var engan vegin hægt að sjá hvor bílasalan hafi átt að fá bréfið. Jafnframt sýndi þetta að almenningur líti á heitið „Bíllinn.is“ sem firmanafn.

Afrit þessa bréfs var sent Bílasölu Íslands með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 4. október 2001.

Með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 15. október 2002, til lögmannna málsaðila var tilkynnt að sökum mikils málafjölda hjá stofnuninni væru fyrirsjáanlegar tafir á afgreiðslu málsins.

Lögmaður bílasölnunnar Bíll.is sendi Samkeppnisstofnun bréf, dags. 6. janúar 2003, þar sem gerðar voru athugasemdir við tafir á afgreiðslu málsins og farið fram á að málið yrði afgreitt eins skjótt og unnt væri. Samkeppnisstofnun sendi lögmanni bílasölnunnar Bíll.is bréf, dags. 22. janúar 2003, þar sem tilkynnt var að sökum mikils fjölda mála í meðferð hjá stofnuninni hefði ekki enn verið unnt að taka málið til afgreiðslu en vonast væri til að unnt yrði að afgreiða málið fljótlega. Afrit bréfsins var sent lögmanni Bílasölu Íslands. Þá ítrekaði lögmaður bílasölnunnar Bíll.is erindið með tölvupósti, sendum þann 23. maí 2003, sem Samkeppnisstofnun svaraði sama dag.

III.

Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 19. september 2003, var ákvörðun tekin í þessu máli. Þátt í fundinum tóku Kirstín Þ. Flygenring, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Sigurbjörn Þorbergsson og Ragnheiður Bragadóttir.

1.

Í máli þessu kvartar Bíll.is ehf. yfir notkun Bílasölu Íslands ehf. á léninu billinn.is og jafnframt yfir notkun fyrirtækisins á nafninu billinn.is. Í erindinu segir að kvartandi hafi á árinu 1998 fengið skráð lénið billinn.is. Sama ár hafi fyrirtækið fengið heitið Bíll.is ehf. skráð sem firma og vörumerkið Bílasalan bíll.is. Í ágúst 1999 hafi Bílasala Íslands fengið úthlutað léninu billinn.is sem fyrirtækið noti jafnframt sem vörumerki og firmaheiti. Sé lénnafnið billinn.is mjög áþekkt lénnafni kvartanda, billinn.is, og hafi það valdið því að villst hafi verið á lénunum. Notkun Bílasölu Íslands á nafninu billinn.is hafi jafnframt valdið ruglingi milli fyrirtækjanna. Hvort tveggja hafi leitt af sér tafir og truflanir fyrir kvartanda. Notkun Bílasölu Íslands á léninu og nafninu billinn.is brjóti í bága við 20. og 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

Af gögnum Bílasölu Íslands má ráða að fyrirtækið telji að það hafi fullnægt öllum skyldum varðandi skráningu lénsins billinn.is og að heitið Bíll.is eitt og sér njóti ekki verndar vörumerkja eða firmaheita og þar af leiðandi ekki verndar 25. gr. samkeppnislaga. Bíll.is hafi rétt á vörumerkinu Bílasalan bíll.is með sérstakri mynd en ekki til einstakra hluta þess enda séu íslensk safnheiti eins og bíll ekki hæf til að njóta slíkrar verndar. Þá er bent á að það sé ekki á valdi Samkeppnisstofnunar að úrskurða um lén þar sem reglur úthlutunaraðila léna gildi. Því séu ekki rök fyrir

afskiptum Samkeppnisstofnunar af máli þessu. Auk þess falli vefsíðugerð utan verksviðs laganna.

Þá dregur Bílasala Íslands í efa aðild kvartanda að málinu á þeim forsendum að bílasalan Bíll.is hafi ekki fengið úthlutað léninu bill.is heldur hlutafélagið Allt gott sem virðist engin tengsl hafa við bílasöluna Bíll.is.

2.

Í máli þessu dregur Bílasala Íslands í efa að lénnöfn og vefsíðugerð heyri undir samkeppnislög. Samkeppnisráð fær ekki séð í gögnum málsins málefnaleg rök fyrir því að reglur úthlutunaraðila lénnafna séu þess eðlis að það valdi því að samkeppnislög eigi ekki við né heldur að vefsíðugerð heyri ekki undir lögin. Lénnöfn og vefsíður eru liður í atvinnurekstri beggja máladaila og er ætlað að hafa áhrif á eftirspurn þeirrar þjónustu sem fyrirtækin bjóða. Umrædd starfsemi fyrirtækjanna fellur því undir gildissvið samkeppnislaga, sbr. 1. mgr. 2. gr. laganna. Í þessu sambandi vísast einnig til þess að samkeppnisráð hefur ákvarðað í öðrum sambærilegum málum.¹

Þá getur samkeppnisráð ekki fallist á að Bíll.is ehf. eigi ekki aðild að málinu enda ljóst að Allt gott sem fékk úthlutað léninu bill.is rekur bílasöluna Bíll.is í dag. Þá er Allt gott eigandi vörumerkisins Bílasalan bíll.is. Aðild bílasölnunnar Bíll.is að málinu hlýtur því að vera í fullu samráði við rétthafa lénsins.

3.

Til stuðnings máli sínu vísar kvartandi til 20. og 25. gr. samkeppnislaga. Í 20. gr. kemur fram að óheimilt sé að hafast nokkuð það að sem brjóti í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt sé gagnvart hagsmunum neytenda. Ákvæðið er almenn vísiregla að því er varðar viðskiptasiðferði og er ætlað að stuðla að góðum siðum í viðskiptum. 25. gr. laganna hljóðar svo:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því líkt sem sá hefur ekki rétt til er notar eða rekur atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“

¹ Sjá ákvarðanir samkeppnisráðs nr. 33/2000, *Kvörtun Jónasar R. Sigfússonar yfir notkun Iceland Export Directory á orðinu export við rekstur tölvuvefs á Internetinu*, og nr. 37/2000, *Erindi Hönnunar hf. vegna notkunar Stefáns Helga Kristinssonar á léninu honnun.com og ritunar firmans Sígild hönnun*.

Í greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga nr. 8/1993 kemur fram að í 25. gr. laganna felist almenn samkeppnisregla um vernd auðkenna og sé hún til fyllingar á vörumerkjavernd. Fyrri málsliður greinarinnar hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérhöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Samkvæmt greinargerðinni skiptir ákvæðið máli um viðbótarvernd þá sem framangreind sérlæg veiti auðkennunum. Firmanafn er sérstaklega tilgreint í lagagreininni. Þá segir í greinargerðinni að í 2. málslið 25. gr. sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti.

4.

Einn þáttur kvörtunar bílasölu Bill.is snýr að notkun Bílasölu Íslands á léninu billinn.is. Kvartandi hefur frá árinu 1998 notað lénið bill.is og Bílasala Íslands hefur frá árinu 1999 notað lénið billinn.is. Að sögn kvartanda hefur ruglingur verið nokkur milli fyrirtækjanna sökum þess hversu lík lénnöfnin eru. Bæði eru lénin skráð hjá ISNIC. Að mati samkeppnisráðs hafa báðir málsaðilar óumdeildan rétt til þessara auðkenna sinna í skilningi samkeppnislaga. Skal því litið til þess hvort villast megi á auðkennunum, sbr. 2. málslið 25. gr. samkeppnislaga.

Við rannsókn málsins hefur komið í ljós að Bílasala Íslands hefur auk lénsins billinn.is fengið úthlutað léninu bilasalaislands.is, í janúar 2001, og vísar það á vefseturs fyrirtækisins á sama hátt og lénið billinn.is. Þrátt fyrir þetta er í Símaskrá 2003 eingöngu tilgreint lénið billinn.is. Lénið bilasalaislands.is var aftur á móti skráð í símaskránni 2002.

Með aukinni almennri notkun Internetsins verða lén sífellt mikilvægari. Þeir sem nota Netið hafa vanist því að fyrirtæki og stofnanir skrái lén með nafni sínu eða öðru því sem auðkennir þjónustu þeirra með endingunni .is. Á þann hátt finnast vefsetur beggja málsaðila, þ.e. bill.is og bilasalaislands.is. Varla mundi sá sem ekki þekkir heimasíðu Bílasölu Íslands slá inn bill.is svo tæpast er hætta á ruglingi að því leyti. Aftur á móti má telja að hætta sé á því að viðskiptavinir bílasölu Bill.is geti ruglast á því hvort lénnafnið sé skráð með eða án greinis. Í þessu sambandi má geta þess að greinir nafnorða er einungis til áherslu til að tákna að átt sé við einhvern eða eitthvað sem nefnt hafi verið áður. Að mati samkeppnisráðs er það að bæta greini við lénnafn keppnautar ekki nægjanlegt til aðgreiningar milli þeirra tveggja. Í raun sé um að ræða sama orðið. Með vísan til framangreinds telur samkeppnisráð að notkun Bílasölu Íslands á lénnafninu billinn.is geti leitt til þess að villst verði á því og lénnafni bílasölu Bill.is., bill.is, og brjóti í bága við ákvæði 2. ml. 25. gr. samkeppnislaga.

5.

Annar þáttur kvörtunar bílasöluunnar Bíll.is snýr að því hvort Bílasala Íslands hafi, með því að nota lénnafnið billinn.is eins og að um firmanafn væri að ræða, nýtt sér firmanafn Bíll.is á ólögmetan hátt, sbr. 1. ml. málslíð 25. gr. samkeppnislaga. Þessu til áréttingar bendir kvartandi á að nafnið billinn.is hafi verið skráð í símaskrá á Internetinu. Einnig hafi bréf borist til kvartanda sem gera megi ráð fyrir að átt hafi að fara til Bílasölu Íslands.

Þá hafi nafnið billinn.is verið ritað stórum stöfum við hlið símanúmers fyrirtækisins á skilti yfir dyrum Bílasölu Íslands. Beggja megin við hafi nafn Bílasölu Íslands verið ritað með smærri stöfum. Að gefnu tilefni er rétt er að taka fram að frá því að mál þetta kom til kasta samkeppnisyfirvalda hefur Bílasala Íslands flutt starfsemi sína. Á nýja staðnum er lénnafnið billinn.is ekki notað á sama hátt á skiltum og áður var gert heldur er þar nú að finna lénnafnið bilasalaislands.is.

Bíll.is var skráð sem einkahlutafélag árið 1998 og hefur fyrirtækið verið rekið með því nafni frá þeim tíma. Með skráningu firma er meginreglan sú að eigandi þess öðlast að jafnaði einkarétt til nafnsins og er öðrum óheimilt að nota það eða annað nafn sem líkist því það mikið að um ruglingshættu geti verið að ræða. Firmanafnið verður að geta aðgreint fyrirtækið frá keppinautum á markaðnum. Af því leiðir að almenn vörueiti hafa ekki talist hæf til að vera firmanöfn. Þó svo að orðið bíll sé algengt orð í íslensku hefur Bíll.is fengist skráð í firmaskrá. Með hliðsjón af framansögðu er það mat samkeppnisráðs að réttur Bíll.is til notkunar firmanafnsins sé verndaður af fyrsta málslíð 25. gr. samkeppnislaga.

Við mat á mögulegri ruglinghættu á heiti fyrirtækja getur skipt máli að fyrirtækin starfa á sama þjónustumarkaði eins og um er að ræða í þessu máli. Notkun Bílasölu Íslands á nafninu billinn.is, án beinnar vísunar til þess að um sé að ræða lénnafn, torveldar neytendum að gera greinarmun á fyrirtækjunum einkum með hliðsjón af því að fyrirtækin starfa í sömu atvinnugrein. Hætta er á að neytendur villist á fyrirtækjunum, ætli að um sé að ræða sömu eigendur eða samstarf þeirra á milli. Að mati samkeppnisráðs er notkun Bílasölu Íslands á nafninu billinn.is einu og sér til þess fallin að ruglast megi á því og á firmanafni kvartanda og að notkunin geti gefið villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda og brjóti því gegn ákvæðum 1. málslíðar 25. gr. samkeppnislaga.

6.

Bílasala Íslands skráði lénnafn sitt billinn.is eftir að Bíll.is hafði notað lénnafn sitt bill.is um 17 mánaða skeið. Að mati samkeppnisráðs er augljóst að tilkoma og notkun lénnafnsins billinn.is skapar hættu á ruglingi sem hefur óhagræði í för með sér fyrir bílasölu Bíll.is. Þá telur samkeppnisráð að í raun veru sé um eitt og sama lénnafn að ræða hjá báðum málsaðilum, með og án greinis. Jafnframt hefur verið sýnt fram á

að Bílasala Íslands hefur notað heitið billinn.is í viðskiptalegum tilgangi sem hefur skapað ruglingshættu á meðal fyrirtækjanna einkum með tilliti til þess að um samskonar starfsemi er að ræða hjá báðum fyrirtækjunum. Gera má ráð fyrir að neytendur telji að um sama eða tengd fyrirtæki sé að ræða. Með vísan til framangreinds telur samkeppnisráð að Bílasala Íslands hafi með skráningu og notkun á lénnafninu billinn.is og notkun á nafninu billinn.is í viðskiptalegum tilgangi brotið gegn góðum viðskiptaháttum í atvinnustarfsemi sbr. ákvæði 20. gr. samkeppnislaga.

Með vísan til framangreinds telur samkeppnisráð nauðsynlegt að banna Bílasölu Íslands frekari notkun lénnafnsins billinn.is og nafnsins billinn.is.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Bílasala Íslands ehf. hefur með notkun á lénnafninu billinn.is og nafninu billinn.is brotið gegn ákvæðum 20. og 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

Með heimild í 2. mgr. 30. gr. samkeppnislaga og með vísan til 20. gr. sömu laga bannar samkeppnisráð Bílasölu Íslands ehf., Skógarhlíð 10, Reykjavík, að nota lénnafnið billinn.is og nafnið billinn.is.

Bannið tekur gildi fjórtán dögum eftir birtingu.“